

Borgarbyggð  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 31. október 2017  
UST201709-046/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 tillaga að breytingu, Húsafell 3**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 6. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 í landi Húsafells.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að landnotkun á ofangreindu svæði verður breytt úr frístundabyggð í svæði fyrir verslun og þjónustu.

#### **Skipulagssvæðið**

Skipulagssvæðið er alls 13 ha að stærð. Í greinargerð kemur fram að fyrirtækið *into the glacier* sem tekur á móti ferðamönnum er heimsækja ísgöngin í Langjökli, hefur fengið heimild til að nýta um 1 ha af landi Húsafells 3 til að byggja upp varanlega þjónustuaðstöðu á svæðinu. Einnig er svæðið hugsað sem framtíðarþjónustusvæði við frístundabyggðina í kring.

#### **Staðhættir**

Í greinargerð kemur fram að áætlað framkvæmdasvæði er umlukið birkikjarri til suðurs og austurs en til norðurs rennur Hvítá. Einnig kemur fram að svæðið liggar í kantinum á friðlýstu náttúruverndarsvæði þar sem vex birkiskógur, og að sunnan og austan við svæðið er svæðið hverfisverndað birkikjarr. Sjálft framkvæmdasvæðið er á svæði á nr. 206 náttúruminjaskrá.

#### **Umhverfisskýrsla**

Umhverfisstofnun tekur undir það að ofangreind breytingartillaga mun hafa neikvæð áhrif á náttúruminjar, landslag og ásýnd svæðisins, þar sem svæðið er í dag óbyggt en tillagan felur í sér uppbyggingu á verslun og þjónustu.

Í upphafi umhverfisskýrslu segir að uppbygging mannvirkja sé sá þáttur tillögunnar sem helst er talinn líklegur til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að

bílastæði með trukkum og rútum muni einnig hafa neikvæð sjónræn áhrif og þar með áhrif á umhverfið.

### Náttúruminjar


Í umsögn um lýsingu ofangreindrar aðalskipulagsbreytingar benti Umhverfisstofnun á að áætlað framkvæmdasvæði er umlukið kjarri til suðurs og austurs og liggur við mörk hins friðlýsta Húsafellsskógar, sem hefur gildi sem útvistarsvæði og verndargildi hans felst í all víðáttumíklum birkiskógi og að fjarlægð frá sjó annars vegar og nágrenni við lindir og ár hins vegar geri Húsafellsskóg að sérstæðu búsvæði. Í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar segir að áætlunin muni hafa neikvæð sjónræn áhrif á landslag og ásýnd. Að mati Umhverfisstofnunar verða sjónræn áhrif verulega neikvæð, enda er áætlunin að byggja skemmur og hafa fjallatrukka staðsetta á svæði sem er í næsta nágrenni við friðlýstan birkiskóg. Í umsögn um lýsingu kallaði Umhverfisstofnun eftir því að fleiri kostir væru skoðaðir fyrir áætlaða starfsemi, en fleiri kostir eru ekki til umfjöllunar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gróður verði nýttur til að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á ásýnd og landslag ef framkvæmdir ganga eftir. Tillagan mun hafa verulega neikvæð áhrif á gróður og náttúruminjar vegna áhrifa á ásýnd.

Umhverfisstofnun tekur undir það að setja skal skilmála í deiliskipulagi um mannvirkjagerð, um að öllu raski verði haldið í lágmarki og um hönnun og útlit mannvirkja og frágang.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar B. Bragason  
Teymisstjóri